

**Ágúst Einarsson**

*Erindi um viðskiptatengsl Íslands og Frakklands á ráðstefnu Fransk-íslenska  
verslunarráðsins og Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands  
hinn 30. janúar 2004*

His Excellency Ambassadeur de France, Ladies and gentlemen, ágætu áheyrendur.

Ég mun hér fjalla um viðskiptatengsl Íslands og Frakklands. Ég mun tala á íslensku þar sem flestir áheyrendur eru Íslendingar en tölulegar glærur verða á ensku svo hinir erlendu gestir okkar fá yfirsýn um efni mitt.

Samskipti Íslands og Frakklands eru gömul, en ekki sérstaklega mikil eða nán. Á þjóðveldistímanum frá 900 til tæplega 1300 voru nokkur samskipti við Frakkland þótt þau væru mun meiri við önnur nágrannalönd. Sæmundur fróði er sagður hafa lært í Svartaskóla í París. Á þessum tíma hafði stórveldið Frakkland ekki mikla hagsmuni hér í Norðurhöfum.

Konungssambandi okkar við Norðmenn lauk tiltölulega fljótt og hið danska vald tók við hérlendis árið 1382 þegar Ólafur sonur Hákonar Noregskonungs og Margrétar Danadrottningar var hylltur á Alþingi. Því lauk ekki fyrr en árið 1944. Samskiptin við Dani voru mikil en auðvitað skipti fátæk nýlenda Dana Frakka ekki nokkru máli. Þjóðveldið einkenndist af verslun við nágrannalöndin og var Frakkland vitaskuld hluti þess. Víkingaárásir á frönsk svæði voru algengar fyrir árið 1000, einkum í Normandí. Íslenskir víkingar tóku þátt í mörgum herförum á þær slóðir.

Útlendingar stunduðu hér alltaf nokkra verslun og voru Frakkar einnig í þeirra hópi. Frönsk áhrif komu ekki skýrt fram fyrr en á 19. öld og kemur þar margt til. Danir stóðu við hlið Frakka í Napóleonsstyrjöldunum og guldu þess dýru verði. Þeir misstu Noreg til Svíþjóðar og Kaupmannahöfn var sprengd af breska flotanum árið 1807. Eftir Napóleonsstríðin var mjög sorfið að Dönnum og þeir höfðu ekki mikið bolmagn á alþjóðavettvangi. Frakkar fóru smátt og smátt að sýna landinu áhuga. Heimsókn Jerome Napóleons prins, bróðursonar Napóleons mikla og frænda Napóleons III árið 1856, er dæmi um aukinn áhuga Frakka. Frakkar voru um miðja 19. öld farnir að sækja á Íslandsmið í miklu meira mæli en áður.

Það er merkilegt að hugsa til þess að Frakkar komu fram með róttækar hugmyndir til atvinnusköpunar hérlendis á undan öðrum. Þannig vildu Frakkar reisa mikla aðstöðu í Dýrafirði þar sem þeir gætu m.a. haft örugga vetursetu fyrir skip sín. Heimsókn prinsins ber að skoða í því samhengi. Þessar hugmyndir hefðu hleypt miklu lífi í atvinnulíf landsmanna. Ekkert varð þó af þessu.

Frá Frakklandi komu breytingarnar. Stjórnarbyltingin mikla árið 1789 breiddi út nýjar hugmyndir um heiminn um leið og hún táknaði endurlök á valdi konunga og aðals og hafði í för með sér uppgang borga og borgararstéttar. Ameríska byltingin, sem var reyndar á undan eða árið 1774, markaði líka nýrri hugsun braut ásamt atvinnubyltingunni sem fólst í hagnýtingu gufuaflsins. Þessi atvinnuhátta- og stjórnsmálabylting sem varð í Evrópu og Ameríku á árunum frá 1770 til 1815, m.a. með valdatíma Napóleons mikla, er einstaklega róttækt tímabil í sögu mannsins en þetta voru einungis rúm 40 ár.

Þótt margt af breytingunum hafi komið frá Frakklandi barst þessi hugsun ekki til Íslands fyrr en í byrjun 20. aldarinnar. Seinni byltingar í Frakklandi eins og júlí byltingin árið 1848 sendu frjálsræðisstrauma til Norður-Evrópu en ekki urðu miklar breytingar hérlendis.

Það verður ekki séð að 19. alda menn okkar hafi sótt mikið til Frakklands og er það miður því þar var margt að gerast. Menningarleg áhrif Frakka á 18. og 19. öld voru mikil um allan heim á sviði heimspeki, lista og vísinda. Í tengslum við Ísland má nefna Jules Verne og bók hans um ferðina að miðju jarðar eða bókina um Snæfellsjökul eins og við köllum hana. Íslendingurinn Hans Bjelke úr þeirri bók er þekkt nafn í Frakklandi.

Frakkar voru hér með mörg skip á 19. öld og í byrjun 20. aldar. Skútuöldin sem kölluð var svo einkenndist af útgerð skipa sem menn höfðu einkum séð hjá Frökkum. Íslandssiglingar franskra sjómanna eru vel þekktar í Íslandssögunni og þeirri frönsku. Margar minjar eru um þessa útgerð Frakka hér við land og reistu Frakkar margar byggingar sem þjónuðu þeim á seinni hluta þessa tímabils, m.a. sjúkrahús á Fáskrúðsfirði og í Reykjavík. Þetta voru samt ekki mikil viðskipti þegar þau eru skoðuð sem hlutfall af heildarviðskiptum við önnur lönd. Frakkar höfðu alltaf gott álit hérlendis.

Menn lærðu líka af þessum samskiptum og fræg er brýning Einars Benediktssonar skálds þegar hann kveður í Íslandsljóði sínu.


*Þú býrð við lagarband,-  
Bjagarlaus við frægu fiskisviðin,  
fangasmár, þótt komizt verði á miðin,  
en gefur eigi  
á góðum degi,  
gjálpi sær við land.  
Vissirðu, hvað Frakkinn fékk til hlutar?  
Fleytan er of smá, sá guli er utar.  
Hve skal lengi  
dorga, drengir,  
dádlaus upp' við sand?*

Þarna var Einar, sem var mesti frumkvöðull okkar Íslendinga í atvinnumálum, að reyna að fá landsmenn til að nýta sér hina nýju tækni með stærri skipum en samfélag fyrri tíma greip ekki þessar hugmyndir fyrr en löngu seinna. Það er merkilegt að sú atvinnuháttabylting sem varð í Evrópu upp úr miðri 18. öld verður ekki á Íslandi fyrr en 150 árum seinna eða um aldamótin 1900. Hér var sannanlega dorgað dáðlaust upp við sand miklu lengur en þurfti, áratugum lengur.

Merkilegur kafli í framfarahugsun hérlendis kom með franska baróninum Gauldrec Boilleau árið 1898. Íslendingar minnst hans fyrst og fremst sem þess manns sem Barónsstígur í Reykjavík er kenndur við. Hann var hins vegar mikill hugsjónamaður, reisti hér stórbú og hafði margt á þrjónunum. Hann vildi m.a. safna fé og hefja hér mikinn atvinnurekstur í útgerð og fiskvinnslu en til þess þurfti lagasetningu á Alþingi. Hann var í sambandi við íslenska ráðamenn, sem sumir studdu hann í þessu, en þegar á hólminn var komið var frumvarp um þessar fyrirætlanir fellt á Alþingi. Þá hrundi veröldin fyrir baróninum unga og hann framdi sjálfsmorð í London skömmu síðar. Ekki er að efa að Íslandssagan hefði orðið önnur ef Frakkar hefði fengið að veita hér fjármagni inn í staðnað atvinnulíf en til þess kom ekki. Síðan þá hefur ekki farið mikið fyrir frönskum áhuga á Íslandi hvað varðar viðskipti.


Á 20. öldinni höfum við sótt margt til Frakklands en ekki endilega viðskipti, nema helst bíla, eldsneyti, vín og ýmsar tæknivörur. Menningarleg tengsl hafa verið sterk en þó minni en við aðra þjóðir, eins og Norðurlandþjóðirnar, Bretland og Þýskaland. Á seinni hluta 20. aldar snýst þetta að nokkru leyti við, m.a. með aukinni menntun sem sótt er til Frakklands. Einnig hafði forsetatið frá Vigdísar Finnbogadóttur mikil áhrif en hún hélt ætíð vel fram franskri menningu og tengslum við Frakkland á forsetaárum sínum og reyndar eftir það. Sú vinna er í reynd ómetanleg fyrir samskipti þjóðanna. Núna eru frönsk vín, ostar og kvikmyndir þekkt hér á landi og margvíslegir franskir tískustraumar berast um Íslands eins og um önnur lönd

Ef við berum saman nokkrar hagstærðir fyrir Ísland og Frakkland kemur margt athyglisvert í ljós.



Frakkar eru vitaskuld miklu fjölmennari en við eða nær 20 sinnum fleiri. Frakkar eru miklu eldri þjóð en Íslendingar en 16% Frakka eru yfir 65 ára aldri en aðeins um 11% Íslendinga. Þetta þýðir gífurleg vandamál í lífeyriskerfinu fyrir Frakka sem blasa við þeim núna. Þetta þýðir líka aðra markaðshópa eins og sést líka á því að héraendis eru 23% íbúa yngri en 15 ára. Um fjórðungur Íslendinga er þannig börn og unglíngar. Þetta hlutfall er nokkru minna í Frakklandi eða 19%.


Báðar þjóðirnar verja miklu til heilbrigðismála eða rúmum 9% af landsframleiðslu. Barnadauði er oft gott dæmi um virkni heilbrigðiskerfisins og þar hafa Íslendingar yfirburði yfir aðrar þjóðir. Hér er barnadauði einungis 2,7 af hverjum 1.000 fæðingum en í Frakklandi er hann 4,6. Hér ber að athuga að ástandið er alls ekki slæmt í Frakklandi en héraendis er það afburða gott. Fleiri tölur sýna þennan mismun.



Landsframleiðsla á mann á jafnvirðiskvarða, þ.e. á sambærilegu verðlagi, sýnir að Íslendingar eru með landsframleiðslu á mann á ári 28,800 \$ þegar Frakkar voru með 26,900 \$ á mann. Munurinn er ekki mikill en þetta ár, 2001, var Ísland í 9. sæti innan OECD en Frakkland var í 16. sæti.

Hagvöxtur hefur verið ólíkur í löndunum síðustu 10 ár. Hérlandis hefur hagvöxturinn verið 3,2% á ári að meðaltali en einungis 1,9% í Frakklandi. Það er augljóst að ekki hefur gengið nóg vel í frönsku hagkerfi undanfarin ár. Þetta sést líka á atvinnuleysinu sem er 8,7% í Frakklandi en einungis 2,3% hér á landi. Þetta er mikill munur. Eitt helsta vandamál Frakka er atvinnuleysið og öldrun samfélagsins en hér eru þessi mál í mjög góðu lagi.


Athyglisvert með tilliti til úr hvaða atvinnugrein aðalgestir okkar koma, þ.e. fjármála- og verktakaheiminum, þá er framlag fjármálafyrirtækja, trygginga og skyldrar starfsemi miklu meira til landsframleiðslunnar í Frakklandi en hér á landi. Þetta framlag er 50% hærra í Frakklandi. Þetta segir okkur að það eru enn mikil sóknarfæri í fjármálaheiminum hér. Það sýnir að innrás franskra fyrirtækja á íslenska markaðinn getur verið þeim hagstæð. Hér er pláss. Sömuleiðis ættu íslensk fjármálafyrirtæki að beina sjónum sínum meira að Frakklandi. Frakkar eru einir helsti útflytjandi vöru og þjónustu í heiminum og eru að mörgu leyti með sterkara efnahagskerfi en nágrannar þeirra, Þjóðverjar. Þriðja samanburðarglæran sýnir önnur atriði.




Útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu er mun hærra í Frakklandi eða 53% sem er býsna hátt í alþjóðlegum samanburði. Samneyslan er mikil í Frakklandi. Hér eru útgjöldin 43% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall hækkað mikið undanfarin ár. Samt erum við enn vel undir flestum nágrannaþjóðunum.

Ef við skoðum mælikvarða mengunar eða útbláturs koldíoxíðs (CO<sub>2</sub>) á íbúa þá eru það svipað en athyglisvert er að Ísland hefur vinninginn fram yfir Frakkland. Það er meiri mengun héraðs hvað þetta varðar en í Frakklandi. Það eru margir sem halda að Ísland sé mengunarlaust land en því fer víðs fjarri.


Innstreymi fjármagns til beinna fjárfestinga í löndunum tveimur sýnir mikinn mun. Þetta hlutfall er 3% fyrir Frakkland en aðeins 1,6% fyrir Ísland. Hér er því feitan gölt að flá. Verið velkomin frönsk fyrirtæki og fjárfestið hér. Hér er vöxtur, uppgangur í hlutabréfaviðskiptum og mikil tækifæri. Þessi samanburður sýnir að íslenska hagkerfið er sterkt í samanburði við það franska og miklir möguleikar eru á viðskiptasviðinu.



Við sjáum hér verslun við Frakkland í eina öld eða frá 1901 og hún er ekki mjög mikið í reynd. Innflutningur frá Frakklandi er lengst af innan við 3% af heildarinnflutningi og vex aðeins eftir stríð. Útflutningur til Frakklands er 1-3% af heildarútflutningi og fer upp í rúm 8% en lækkar aftur. Síðustu 2 árin hefur inn- og útflutningurinn verið tæplega 4% af heildarviðskiptunum sem er ekki mikið. Næstu glærur sýna samanburð þriggja landa í utanríkisverslun.




Þessi glæra sýnir innflutning frá Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi sem hlutfall af heildarinnflutningi til Íslands. Frakkland er áberandi smæst í þessum hóp.




Þessi glæra sýnir útflutningi til Bretlands, Frakklands og Þýskalands sem hlutfall af heildarútflutningi frá Íslandi. Frakkland er aftur áberandi smæst í þessum hóp. Næstu glætur sýna hvernig innflutningur skiptist milli þessara landa eftir vörutegundum.






Þetta er athyglisverð glæra sem sýnir hlutdeild matar og drykkjar, eldsneytis, efnaíðnaðar, framleiðsluvara, véla og samgöngutækja og annarra framleiðsluvara.



Þessi glæra sýnir flokkun útflutnings til landanna þriggja, skipt eftir sjávarafurðum, iðnaðarvörum og öðrum vörum. Iðnaðarútflutningur til Þýskalands er ál. Næsta glæra sýnir ferðaþjónustuna, þ.e. gistinætur flokkaðar eftir þjóðum.



Hér eru Frakkar frekar ofarlega en Þjóðverjar langefstir fyrir utan Íslendinga sjálfa. Hér eru vafalítið miklir möguleikar.

Samandregið er hægt að segja að viðskiptatengsl Íslands og Frakklands séu mjög gömul og merkileg saga fylgir þeim en viðskiptin eru ekki og hafa ekki verið mikil.

Þau er hægt að auka, m.a. vegna þess að þessar þjóðir geta vel unnið saman. Á viðskiptasviðinu er Frakkland vannýtt auðlind fyrir Íslendinga og Ísland er vannýtt auðlind fyrir Frakka. Það er gott því það er gaman að vinna að nánara sambandi við slíkar aðstæður.

Þakka ykkur fyrir



**Fransk-íslenska verslunarráðinu og**

**Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands**

er ánægja að bjóða ykkur á

ráðstefnu:

***"Frakkland - viðskiptafélagi á nýrri öld"***

í Háskóla Íslands

ODDA, stofu 101

***Föstudaginn 30. janúar 2004***

***Kl. 15:00-16:30***

Ráðstefnan verður opnuð af:

15-15:10

Emmanuel JACQUES

Formanni Fransk-íslenska verslunarráðsins

Louis Bardollet

Sendiherra Frakklands á Íslandi

Fyrirlesarar:

15:10 - 15:25

Ágúst EINARSSON, prófessor

Deildarforseti Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands

Viðskiptatengsl Frakklands og Íslands

15:25-15:50

**Yves-Pascal PELCENER**

Aðstoðarframkvæmdastjóri /Pastel & Associés SA

*An original and independent approach to investing*

15:50-16:10

Christain LAMOUREUX

Framkvæmdastjóri fyrir Norður-Evrópu / THALES

*Thales: a leading electronics company (Aerospace, Defence and IT)*

16:10-16:20

Gérard LEMARQUIS

Háskóli Íslands

*Mismunandi menningaheimar Frakka og Íslendinga*

16:20

Umræður með

**Gunnari Haraldssyni**, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra og **Dr. Cédric Viale**,  
stundakennara í Háskólanum á Akureyri og í Háskólanum á Bifröst

*Ráðstefnan verður haldin á íslensku og ensku*

Að lokum býður Franska sendiráðið upp á léttar veitingar

# THALES

Established in France more than a century ago, Thales is a global electronics company serving Aerospace, Defence, and Information Technology markets worldwide.

With operations in more than 30 countries and 65,000 employees, the Thales Group generated 11.1 billion euros in revenues in 2002.

[www.thalesgroup.com](http://www.thalesgroup.com)

**Pastel & Associés SA**  
Société de Gestion de Portefeuille

Pastel & Associés SA is a young and successful French money management company, active both in France and Luxembourg.

This company has developed an original and independent approach to investing with impressive results

Its Margin of Safety Fund is ranked 6th over the last 5 years in the Equity Global ranking from Standard & Poor's